Til framkvæmdastjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Efni: Boð um þátttöku sveitarfélaga landsins í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki

Kæra framkvæmdastjórn

Eins og ykkur er kunnugt eru loftslagsbreytingar eitt brýnasta viðfangsefni samtímans sem krefst samvinnu stjórnvalda, atvinnulífsins og einstaklinga. Sveitarfélögin eru mikilvægur hluti af þeirri jöfnu og megum við því búast við metnaðarfullum stefnum sveitarfélaga í loftslagsmálum á komandi misserum.

Að því sögðu hefur Landvernd mikinn áhuga á því að styðja við sveitarfélög landsins og fræða sveitarstjórnar- og nefndarfulltrúa, sem og starfsmenn um loftslagsmálin og veita þeim hvatningu, tæki og tól til að takast á við vandann. Það viljum við gera með því að bjóða sveitarfélögunum að taka þátt í námskeiðinu **Loftslagsvernd í verki** sem haldið var í fyrsta skipti í febrúar á þessu ári. Námskeiðinu var komið á laggirnar sem eitt af fræðsluverkefnum Landverndar og er það styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Námskeiðið er í stuttu máli valdeflandi ferli fyrir hvern sem er til þess fræðast um loftslagsmálin og finna sínar eigin leiðir sem henta til þess að draga úr sínu eigin kolefnisspori og hvetja aðra til dáða. Námskeiðið er unnið í litlum hópum og tekur amk. 6 vikur að klára með vikulegum stuttum hópafundum og gagnvirkri þátttöku í **Vefskóla Landverndar.**

Þátttaka sveitarfélaga yrði í boði frá janúar 2022 og framvegis þar sem námskeið yrðu auglýst fyrirfram sérstaklega tileinkuð sveitarfélögum, en námskeiðið er haldið reglulega yfir árið. Þátttaka í upphafi verður sveitarfélögunum gjaldfrjáls en gjaldskráin yrði síðar meir endurskoðuð ef framvinda námskeiðsins gengur vel. Framtíðarmöguleikar hljóða svo þannig, í samstarfi við sveitarfélögin sjálf, að bjóða íbúum þeirra sérstaklega að taka þátt í námskeiðinu og frekari námskeiðum sem kunna að vera í boði í Vefskóla Landverndar.

Með þessu bréfi hvetur Landvernd framkvæmdastjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til að taka boð þetta til skoðunar og umræðu.

Með góðri kveðju,
Kristján Geir Gunnarsson, verkefnisstjóri Loftslagsverndar í verki.

Loftslagsvernd í verki
VEFSKÓLI LANDVERNDAR

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026